

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Jóni Þór Ólafssyni um eiðstaf dómara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hafa dómamar við íslenska dómstóla undirritað eiðstaf þegar þeir hefja störf? Ef svo er, hvernig er sá eiðstafur nú á dögum og hefur hann breyst í tímans rás?*

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver embættismaður vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Eftirfarandi svar miðast við að elstu skjöl sem varðveitt eru í skjalasafni ráðuneytisins eru frá árinu 1988.

Drengskaparheit dómara við Hæstarétt Íslands 1988–1994 var svohljóðandi:

„Ég undirrituð/undirritaður, sem skipuð/skipaður er dómari við Hæstarétt Íslands, heiti því að vera stjórnvöldum landsins trú/r og hlýðin/n, halda stjórnskipunarlæg ríkisins og gegna af árvekni og samvisekusemi skyldum þeim, er starf mitt og skipunarbréf leggja mér á herðar.“

Drengskaparheit dómara við Hæstarétt Íslands 1994–2010 var svohljóðandi:

„Ég undirrituð/undirritaður, sem skipuð/skipaður hef verið dómari við Hæstarétt Íslands, heiti því hér með að halda stjórnskipunarlæg ríkisins og gegna af árvekni og samvisekusemi skyldum þeim, er starf mitt og skipunarbréf leggja mér á herðar.“

Drengskaparheit héraðsdómara 1994–2010 var svohljóðandi:

„Ég undirrituð/undirritaður, sem skipuð/skipaður hefur verið héraðsdómari, heiti því að vera stjórnvöldum landsins trú/r og hlýðin/n, halda stjórnskipunarlæg ríkisins og gegna af árvekni og samvisekusemi skyldum þeim, er starf mitt og skipunarbréf leggja mér á herðar.“

Frá árinu 2010 hafa drengskaparheit héraðsdómara, hæstaréttardómara og nú landsréttardómara verið samhljóða:

„Ég undirrituð/undirritaður, sem skipuð/skipaður hef verið héraðsdómari/landsréttardómari/hæstaréttardómari/, heiti því að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands og gegna af árvekni og samvisekusemi skyldum þeim, er starf leggur mér á herðar.“